

Retrierverdeild HRFÍ



Skýrsla stjórnar 2016

Lögð fram á ársfundi deildarinnar 15. mars 2017
í Síðumúla 15



Stjórn og nefndir

Ræktunarstjórn	Veiðinefnd	Sýninganefnd	Göngu- og skemmtinefnd	Básanefnd	Vefsíðunefnd
Erla Heiðrún Benediktsdóttir Heiðar Sveinsson* Jens Magnús Jakobsson Sigrún Guðlaugardóttir Þórhallur Viðar Atlason	Arnar Tryggvason * Fanney Harðardóttir Ingólfur Guðmundsson Jens Magnús Jakobsson Kristján Smáráson Sólrun Dröfn Helgadóttir Vilhjálmur Kári Heiðdal Þórhallur Viðar Atlason Víðir Lárusson Ævar Valgeirsson	Elsa Hlín Magnúsdóttir * Guðbjörg Guðmundsdóttir Guðrún Rakel Svandísardóttir Þórgunnur Pétursdóttir	Guðbjörg Guðmundsdóttir Sigrún Guðlaugardóttir Svanhildur Skúladóttir	Arnar Tryggvason Sigrún Guðlaugardóttir Svanhildur Skúladóttir	Guðbjörg Guðmundsdóttir Olgeir Gestsson * Sólrun Dröfn Helgadóttir Svava Guðjónsdóttir

* Formaður

Deildin

Retrieverdeildin er hópdeild innan HRFÍ sem fer með málefni Retrieverhunda í tegundahópi 8. Í janúar voru skráðir 2407 (+177 frá í fyrra) hundar á lífi af 4 tegundum í gagnagrunni deildarinnar;

- 12 Nova Scotia Duck Tolling Retriever (+9)
- 35 Flat-coated Retriever (+13)
- 290 Golden Retriever (-19)
- 2070 Labrador Retriever (+172)

Allir retrievereigendur sem greiða félagsgjöld til HRFÍ teljast virkir félagsmenn.

Starfsemi


Á síðasta starfsári hélt deildin 11 veiðipróf og alls var 121 þátttaka skráð, stóð fyrir deildarsýningu og voru 73 hundar skráðir, veiðinefnd ásamt stjórn stóð að „meistarakeppni“ og kvöldverði sem var vel sótt og heppnaðist einstaklega vel. Sýningarnefnd stóð sem fyrr að sameiginlegum kvöldverði á deildarviðburði og eins var sá háttur á eins og áður að Melgerðismelum sem deildarmeðlimir fyrir norðan stóðu að. Sú nýbreytni varð 2016 að deildin sótti um að halda hlýðnipróf, leyfi fékkst fyrir því og stóð deildin að 3 hlýðniprófum, samtals voru 22 skráningar. Á síðasta starfsári voru haldnir 8 stjórnarfundir, auk mikilla samskipta gegnum netið, einnig var haldinn opinn félagsfundur í september. Stjórn fundaði með nefndum í september 2016. Stjórn sendi fulltrúa á alla fulltrúaráðsfundi HRFÍ.

Ræktunarráð

Ræktunarráði bárust alls 2 pörunarbeiðnir á árinu og var þeim báðum svarað. Þetta er fækkun síðan í fyrra og því samdráttur í að nota rakkalista félagsins. Á rakkalista eru allir rakkar sem uppfylla kröfur ræktunarstjórnar. Ræktunarstjórn bárust þónokkrar fyrirspurnir þar sem tíkareigendur voru ekki með tíkurnar klárar til ræktunar samkvæmt kröfum ræktunarstjórnar og/eða kröfum HRFÍ til ættbókarskráningar. Það kom fram á félagsfundi að áhugi er hjá þeim sem mættu að rakkalisti verði opinberaður og hægt að skoða hann á netinu, stjórn hefur einnig samþykkt það og var hann opnaður í lok janúar 2017.

Got á árinu

Skráðir hvolpar í ættbók hjá HRFÍ árið 2016 voru: 189 Labrador hvolpar úr 30 gotum sem er 10 gotum og 43 hvolpum fleira en 2015, 8 Toller hvolpar úr 2 gotum, sem er hrein aukning þar sem ekkert got var 2015 og 13 Flat-coated hvolpar úr einu goti sem er líka hrein aukning þar sem ekki var got 2015. Ekkert Golden got var á síðasta ári.



1. mynd. Fæðingarár ættbókarskráðra Labrador, Golden, Flatcoated og Toller Retriever frá upphafi

Innflutningur

Fluttir voru inn 6 Labrador Retriever og 1 Nova Scotia Duck Tolling Retriever árið 2016.

Veiðinefnd

Veiðinefnd hélt nokkra fundi á seinasta ári og skipulagði 12 veiðirpróf, eitt próf féll niður vegna lítillar aðsóknar og haldin voru 11 veiðirpróf. Nefndin lagði til starfs- og fjárhagsáætlun fyrir stjórn deildarinnar fyrir árið 2017.

Veiðinefnd ásamt stjórn stóð að Meistarakeppni á haustmánuðum ásamt lokahófi um kvöldið sem tókst mjög vel og verður á dagskrá aftur 2017.

Dagskrá 2017

Dagskrá 2017 og fjárhagsáætlun var samþykkt af stjórn HRFÍ á fundi 3. nóvember 2016 og var dagskráin birt formlega á heimasíðu deildarinnar í framhaldi af því. Þar er gert ráð fyrir 10 veiðirprófum, tveimur 2 veggja daga prófum með erlendum dómurum. Stjórn HRFÍ samþykkti beiðni deildarinnar um deildarsýningu í ár og verður hún haldin 15.júlí í Húsafelli. Stjórn HRFÍ samþykkti jafnframt umsókn deildarinnar um að halda 4 hlýðnipróf á starfsárinum 2017.

Mjaðma- og olnbogamyndir

Fjórar tegundir voru mjaðma- og olnbogamyndaðar á árinu. Niðurstöður má sjá í mynd 1.

Mynd 1: Niðurstöður myndataknna 2016

	Niðurstöður mjaðmamynda (HD)				Samtals	Niðurstöður olnbogamynda (ED)				Samtals
	Fríir	C	D	E		Fríir	C	D	E	
Labrador	33	3	4	0	40	35	2	1	1	39
Golden	9	1	0	0	10	9		1	0	10
Flat-coted	1	0	0	0	1	1	0	0	0	1
Toller	1	0	0	0	1	1	0	0	0	1

Augnskoðanir

Fjórar augnskoðanir voru framkvæmdar á árinu, niðurstöður má sjá í mynd 2.

2.mynd : niðurstöður úr augnskoðunum 2016

Augnskoðanir 2016								
	Fríir	Fríir m. Athugas	Cataract	Distichiasis	Retinal displasi	Annað	Dystrophi	Samtals
Labrador	51	6	7	1	1	4	2	72
Golden	9	2				1		12
Flat Coated	1							1
Samtals	61	8	7	1	1	5	2	85

Sýningarþjálfanir, páskaeggjaleit, hvolpahittingur og útilegur:

Göngu- og skemmtinefnd stóð að sýningarþjálfunum og kom sýningarnefnd að því með þeim seinni hluta ársins, mikið framboð er orðið af sýningarþjálfunum engu að síður var þetta mikilvæga framlag vel sótt og styður mjög vel við starf deilarinnar. Páskeggjaleitin var að venju vel sótt og síðan var efnt til hvolpahittings, það er mikilvægt að gefa nýjum meðlimum tækifæri til að kynnst starfinu og er það mat nefndarmeðlima að ræktendur mættu hvetja fólk með kynningu til að nýta sér svona viðburði. Síðast en ekki síst stóðu deildarmeðlimir að öflugum útilegum í kringum tveggja daga prófin og deildarviðburðinn.

DNA próf vegna PRA (Progressive Retinal Atrophy, eða arfgeng vaxandi sjónurýrnun)

Frá 01.01.2005 til 01.03.2014 hafa 144 labradorhundar verið DNA prófaðir vegna prcd-PRA og greindust 89 N/C, 21 berar (Carrier; #) og 3 með meingenið (prcd PRA). Síðan 2008 hafa 38 Golden Retriever verið prófaðir fyrir prcd-PRA og hafa þeir allir greinst N/C.

Árið 2012 var fyrst gerð krafa um að Golden Retrieverhunda þurfi einnig að DNA prófa fyrir GR_PRA1 og hafa 22 hundar verið prófaðir allir N/C. Eftir 1. desember 2014 er það krafa fyrir ættbókarskráningu Golden Retriever hvolpa að foreldrar séu DNA prófaðir fyrir GR_PRA 2, alls hafa 14 hundar verið prófaðir og allir N/C.


Sýningar

5 sýningar fyrir retrieverhunda voru haldnar á starfsárinu á vegum HRFÍ, 4 alþjóðlegar, ein Reykjavík Winner sýning, Af alls um 2930 skráningum voru Retriever skráningar á þessum sýningum 312 (eða um 11% allra skráninga); 234 Labrador, 58 Golden, 6 Flat-coated og 14 Nova Scotia Duck Tolling. Að auki var haldin deildarsýning þar sem 73 hundar voru skráðir. Dýrheimar sf hafa gefið eignarbikara í BOB og BOS á öllum sýningum ásamt eignarbikara og verðlaunapeninga í hvolpaflokkum.

3.tafla. Þátttaka retrieverhunda í sýningum árin 2005-2016, skipt eftir flokkum. * = deildarsýning.

ÁR	HV.4-6	HV.6-9	ULFL	UHFL	OFL	VFL	MFL	ÖFL	SAMTALS
2005 (4 SÝN)	18	15	40	31	39	0	6	6	155
2006 (3 SÝN)	9	12	51	53	62	0	2	5	194
2007 (4 SÝN)*	21	23	22	59	108	0	0	4	237
2008 (4 SÝN)	8	24	52	23	98	10	1	0	216
2009 (5 SÝN)*	19	14	87	52	138	2	11	2	325
2010 (5 SÝN)*	29	41	83	39	149	10	15	5	371
2011 (5 SÝN)*	22	36	55	65	148	4	13	5	348
2012 (4 SÝN)	33	43	68	46	111	1	22	4	328
2013 (5 SÝN) *	32	27	78	67	143	20	34	4	405
2014 (6 SÝN) *	32	23	69	45	155	28	56	13	421
2015 (8 SÝN) *	24	42	61	67	141	25	62	16	438
2016 (6 SÝN) *	56	22	99	47	121	7	54	21	427

4. mynd. Þátttaka retrieverhunda í veiðiprófum og sýningum frá 1995 – 2016.

**Veiðipróf**

Ellefu veiðipróf voru haldin á vegum deildarinnar á starfsárinu og skráningar voru alls 121 sem er 19 hundum færri en 2015, aðsókn hefur aðeins dregist saman að jafnaði. Tveir erlendir dómarmar dæmdu, þeir Ole J. Andersen frá Noregi í Húsafelli og Kaj Falk Andreasen frá Danmörku að Melgerðismelum í Eyjafirði. Dýrheimar, umboðsaðili Royal Canin á Íslandi, styrktu komu eins dómara til landsins og gáfu öll verðlaun eins og mörg undanfarin ár. Íslensku dómarmarnir dæmdu og/eða gegndu hlutverki fulltrúa HRFÍ á árinu. Við þökkum Halldóri Garðari Björnssyni, Sigurði Ben Björnssyni, Sigurði Magnússyni, Margræti Pétursdóttur, Sigurmoni M. Hreinssyni og Kjartani I. Lorange fyrir óeigingjarnt starf í okkar þágu og þeim fjölmörgu starfsmönnum sem aðstoðuðu við framkvæmd prófanna.

Frá upphafi veiðiprófa árið 1995 hafa 170 próf verið haldin og alls 1775 þátttökur (759 í BFL, 498 í OFL og 718 í ÚFL). Alls hafa 206 Labrador hundar tekið þátt, 7 Golden Retriever, 2 Chesapeake Bay og 6 Flat-coated. Sjö íslenskir dómarmar hafa dæmt alls 107 próf og 1097 hunda frá upphafi, en 22 erlendir dómarmar hafa dæmt 53 próf og 722 hunda.

Skapgerðarmat

Enginn Retrieverhundur undirgekkst skapgerðarmat á árinu.

Meistarar

11 Labradorar hlutu meistaranaufnbót á árinu:

- ISCh RW-16 PLCh PLJCh DJCh Dolbia Le Mans – Eigandi: Irmina Dudkowiak
- ISFtCh Ljósavíkur Alda – Eigandi: Ingibjörg Friðriksdóttir
- ISFtCh Krapí– Eigandi: – Guðmundur A. Guðmundsson
- ISFtCh Kolkuós Lukku Ronja – Eigandi: Guðlaugur Guðmundsson
- ISShCh Lab Lodur's Knock-Out – Eigandi: Harpa Þorbjörnsdóttir
- ISShCh Ciboria's Oliver – Eigandi: Thelma Dögg Freysdóttir
- ISJCh Cold Spring Town Sweet Melody – Eigandi: Margrét Bergsveinsdóttir
- ISJCh Veiðivatna Flugan Embla – Eigandi: Sigurbjörg Vignirsdóttir
- ISJCh Hrísnis Skuggi II – Eigandi: Óli Þór Árnason
- ISFtCh OB-I Hvar Er Fluglinn Lotta – Eigandi: Áslaug Traustadóttir
- OB-I Hrísnis Kara – Eigandi: Kristín Jóna Símonardóttir

3 Golden hlutu meistaranafnbót á árinu :

- C.I.E ISShCh Rainscourt Life On Mars – Eigandi: Sigríður Bílddal
- ISCh RW-13-14-15 Dewmist Glitter´N Glance – Eigandi: Svava Guðjónsdóttir / Steinunn Guðjónsdóttir
- ISShSh Skotís Príma Ösp – Eigandi: Ásta Björnsdóttir

1 Flat-coated hlutu meistaranafnbót á árinu :

- C.I.E. RW-15 ISShCh OB-I Bez-Ami´s Always My Charming Tosca– Eigandi: Fanney Harðardóttir

3 Nova Scodia Duck Tolling hlutu meistaranafnbót á árinu :

- ISCh NLW-15 RW-15-16 USCh Avatar´s Best Kept Secret of Pikkinokka – Eigandi: Lára Birgisdóttir / Björn Ólafsson
- ISCh CanCh SLCh Pikkinokka´s Hoist the Color – Eigandi: Lára Birgisdóttir / Björn Ólafsson
- ISCh NLW-15 RW-14-16 USCh CANCh Pikkinokka´s Nice Try Avatar – Eigandi: Lára Birgisdóttir / Björn Ólafsson

Stigahæstu hundar 2016

Í áttunda sinn voru reiknuð stig fyrir frammistöðu á veiðiprófum og á sýningum ársins og var sex hundum veitt viðurkenning á opnu húsi í Síðumúlanum.

Veiðipróf 2016: ISFTCH Kola, með 61,4 stig. Eigandi: Heiðar Sveinsson. Farandbikar gaf Kolkuós ræktun.

Sýningar 2016: Labrador Retriever: RW-16 ISShCh Leynigarðs Gæfa með 57 stig. Eigandi: Margrét Bergsveinsdóttir. Farandbikar gaf Leiruræktun.

Sýningar 2016: Golden Retriever: C.I.E. RW-14-15 ISShCh Heatwave Little Miss Sunshine með 64 stig. Eigandi: Steinunn Guðjónsdóttir. Farandbikar gaf Great North Golden ræktun.

Sýningar 2016: Flat-coated Retriever: Flatham´s Vajjen Dell Iceland Romeo með 31 stig. Eigandi: Fanney Harðardóttir. Farandbikar gaf www.vinnuhundar.com

Sýningar 2016: Nova Scotia Duck Tolling Retriever ISCh NLW-15 RW-14-16 USCh CANCh Pikkinokka´s Nice Try Avatar með 55 stig. Eigendur: Lára Birgisdóttir og Björn Ólafsson. Farandbikar gaf Amazing Gold ræktun.

Sýningar 2016: Golden Retriever öldungur: C.I.E. ISSHCH Allways On My Mind of Famous Family með 18 stig. Eigandi Steinunn Guðjónsdóttir.

Sýningar 2016: Labrador Retriever öldungur: Uppáhalds Vetrarsól Askja með 25 stig. Eigandi Unnur Olga Ingvarsdóttir

Fagráð um ræktun Golden Retriever

Fagráð um ræktun Golden Retriever er ræktunarstjórn til ráðgjafar. Fagráðið er með sérstaka síðu á heimasíðu Retrieverdeildar og birtir þar m.a. ræktunarmarkmið fyrir tegundina.

Heimasíða

Í nútímapjóðfélagi er mikilvægt að ná til fólks í gegnum internetið. Retrieverdeildin hefur nú í 20 ár notið dyggrar þjónustu Olgeirs Gestssonar sem haldið hefur úti mjög öflugri heimasíðu og einum besta gagnagrunni fyrir hunda á Íslandi og þó víðar væri leitað. Mikið kapp er lagt á að þau gögn er snerta ættbókarskráningu, árangur, heilsu og annað er HRFÍ ber ábyrgð á komi frá skrifstofu HRFÍ og síðan til innsláttar á heimasíðu deildarinnar. Með því er verið að tryggja sem frekast er unnt að þær upplýsingar sem snerta ræktun og ræktunarviðmið séu spegill af gagnagrunni HRFÍ og að auki með vinnuárangri. Ofan á þetta hefur vefstjóri gert kleift að setja inn ýmsar upplýsingar sem snerta heilsufar eða árangur sem unnið er til utan þess sem er krafist eða er á könnu Retrieverdeildar. Síðasta sem var sett í loftið í janúar 2017 eftir samþykkt á félagsfundi í september 2016 var opinn rakkalisti með þeim rökkum sem uppfylla á hverri stundu kröfur ræktunarstjórna.

Að auki er inná heimasíðu mikill fróðleikur um ræktun og tegundir, tengingar á systurklúbba, fundargerðir, árskýrslur og fréttir.

Að auki heldur deildin vakandi facebook síðu sem er mjög virk.

Heimasíðunefnd og stjórnarmeðlimir hafa kappkostað að koma niðurstöðum prófa og sýninga sem fyrst inn á síðuna. Stjórn þakkar Olgeiri Gestssyni vefstjóra sérstaklega fyrir fórnfúst starf og útsjónasemi í að halda síðunni gangandi og bæta við hana því sem kemur upp hverju sinni.

Dagskrá 2017

Dagskrá fyrir 2017 er í talsvert frábrugðin fyrri árum. Sótt var um til HRFÍ að fá að halda deildarsýningu sem var samþykkt. 10 veiðipróf eru ráðgerð og tvö tveggja daga próf. Ágúst próf verður nú haldið út frá Reykjavík í stað þess að halda það á landsbyggðinni með tjaldútilegu eins og undanfarin ár. Þessi dagskrá var samþykkt af stjórn HRFÍ og er sem hér segir:

próf nr.	Dags	Staður	Dómari	Fulltrúi HRFÍ	Prófstjóri / sýningastjóri
201701	Lau.22.04.2017	Suðvesturland	Kjartan Lorange	Halldór Garðar Björnsson	Arnar Tryggvason
201702	Þri 9.05.2017	Tjarnhólar BFL (OFL)	Halldór Garðar Björnsson	Sigurmon M. Hreinsson	Kári Heiðdal
201702	mið.10.05.2017	Tjarnhólar (OFL) ÚFL-B	Halldór Garðar Björnsson	Sigurmon M. Hreinsson	Kári Heiðdal
201703	Lau.10.06.2017	Melgerðismelar	Sigurður Magnússon	Margrét Pétursdóttir	Fanney og Ragnar
201704	Sun.11.06.2017	Melgerðismelar	Margrét Pétursdóttir	Sigurður Magnússon	Fanney og Ragnar
	30.jún-2.júl	Námskeið fyrir veiðiprófshur	Trond Gjotterud		Heiðar, Jens, Kristján
201705	Fös.14.07.2017	Sílatjörn	Heidi Kvan	Halldór Garðar Björnsson	Guðbjörg / Heiðar
Deildarsýn	Lau.15.07.2017	Deildarviðburður	Olga Teslenko		Herdís / Lilja Dóra
201706	Sun. 16.07.2017	Húsafell	Heidi Kvan	Halldór Garðar Björnsson	Guðbjörg / Heiðar
201707	Lau. 12.08.2017	Ölfus	Magnus Ånsløkken	Kjartan Lorange	Jens Magnús / Tóti
201708	Sun.13.08.2017	Draugatjörn	Magnus Ånsløkken	Kjartan Lorange	Tóti / Jens Magnús
201709	Lau.09.09.2017	Húnavatnssýsla / Tjörn	Kjartan Lorange	Sigurður Magnússon	Guðjón Sigurðsson
201710	Lau.30.09.2017	Villingavatn	Sigurmon M. Hreinsson		Heiðar Sveinsson
801701	Lau.14.10.2017	Meistarakeppni Sólheimakot / Annað			Arnar Tryggvason

Meistarakeppnin sem veiðinefnd stóð fyrir 2016 er á dagskrá núna aftur og eins stendur stjórn að veiði og vinnunámskeiði sem haldið verður 30. júní til 2. júlí.

Að auki hefur stjórn sótt um að halda 4 hlyðniprof eins og í fyrra og hér er dagskráin fyrir þau:

próf nr.	Dags	Staður	Dómari	Prófstjóri	Ritari
201701	Lau.11.02.2017	Innanhúss	Albert Steingrímsson	Hildur Pálsdóttir	Guðbjörg Guðmundsdóttir
201702	Lau. 13.05.2017	Marelsplanið	Björn Ólafsson	Erla H. Benediktsdóttir	Marta Sólveig Björnsdóttir
201703	Lau.08.07.2017	Marelsplanið	Albert Steingrímsson	Sólrún Dröfn Helgadóttir	Marta Sólveig Björnsdóttir
201704	Þri.10.10.2017	Hyundai planið	Þórhildur Bjartmars	Hildur Pálsdóttir	Guðbjörg Guðmundsdóttir

Stjórn hefur sótt um til HRFÍ að halda tvö Vinnupróf WT, stjórn HRFÍ samþykkti reglur fyrir þessi próf í janúar og var gert ráð fyrir því í skipulagi ársins að hægt væri að koma 2-3 prófum inn. Eins mun Trond Gjotterud sem kemur hingað með námskeið leiðbeina dómurum varðandi þessi próf. Hugmyndin er að koma inn prófum í júlí og ágúst, verður nánar auglýst ef stjórn samþykkir.

Þá hefur Veiðinefnd skipulagt opnar æfingar fyrir deildarmeðlimi sem hefur verið tekið fagnandi og hafa verið vel sóttar, þær hófust í febrúar.

Göngu- og skemmtinefnd hefur lagt fram dagskrá fyrir árið og stendur fyrir sýningarþjálfunum í samráðir við sýningarnefnd, aðrir viðburðir verða kynntir jafnóðum.

Flestir viðburðir eiga að fara jafnóðum og þeir eru ákveðnir inná viðburðardagatalið á heimasíðum deildarinnar, við hvetjum deildarmeðlimi til að fylgjast með því sífellt er verið að bæta við.

Básanefnd hefur séð um skipulagningu og mönnun á Retrieverbás á sýningum félagsins þegar það hefur verið í boði og stórhundadögum í Garðheimum. Vonast básanefnd til að deildarmeðlimir taki vel í að kynna tegundirnar þegar og ef básar verða settir upp á sýningum.

Annað:

Undanfarin ár hefur íslenskum veiðidómurum verið boðið að dæma í Noregi. Dómarar hafa verið veiðinefnd og stjórn innan handar í gegnum árin með að finna dómara á norðurlöndum og hefur verið gott samstarf þar á milli. Árið 2014 fóru Halldór Garða Björnsson og Sigurður Magnússon út til Noregs, 2015 fór Kjartan I. Lorange út til Noregs og 2016 fór Sigurður Magnússon. Þetta framtak dómara er mjög af hinu góða og nýtist að sjálfsögðu öllu starfi hér heima. Dómaranemi er nú í námi til veiðiprófsdómara en Hávar Sigurjónsson hóf nám 2016. Á síðasta ári voru samþykktar reglur fyrir dómaramám til að dæma sækjandi hunda.

Eins hafa verið dómaramemar á Deildarsýningum hjá Retrieverdeild síðustu ár og er það okkur heiður að nýliðar í sýningardómara stétt sýni tegundum okkar þennan áhuga.

Minning:

9.febrúar s.l. lést Dagur Jónsson veiðiprófsdómari eftir erfið veikindi. Dagur skipaði stóran sess í starfi deildarinnar undanfarin ár og áratugi. Sat í stjórn deildarinnar 2002 til 2008, var virkur í veiðinefnd og tók virkan þátt í nefndarstörfum og öðru er viðkom framgangi deildarinnar. Dagur fékk dómarréttindi til að dæma veiðipróf sækjandi hunds 2010. Dagur vann að Retrieverskólanum og var öflugur ræktandi sem lagði metnað í sína ræktun og studdi margan nýliðan út í hundalífið.

Stjórn deildarinnar þakkar Degi hans framlag, blessuð sé minning hans og við vottum ættingjum og vinum samúð.

Lokaorð:

Retrieverdeildin hefur á liðnum árum verið skipuð samstilltu og áhugasömu fólki. Fólki sem hefur gaman að því að umgangast hundana og stunda mismunandi sport eða vinnu með þeim. Gagnkvæm virðing fyrir áhuga hvers annars hefur verið hryggjarstikki í þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað. Mikil framlag öflugra sjálfbóðaliða hvort sem er við að setja upp og taka niður sýningar, vinna við sýningar, veiðipróf, hlýðni eða annað sem viðkemur starfinu er ómetanlegt.

Allstaðar þar sem við komum saman má finna fyrir vináttu og samhug. Engu að síður er að sjálfsögðu svigrúm til ólíkra skoðana og skoðanaskipta. Það er undirstaða þess að við þökumst áfram að gefa nýju og kraftmiklu fólki rúm til starfa og hlusta á mismunandi skoðanir og sýn.

Nefndir deildarinnar eru mikilvægar til stuðnings starfinu og til að dreifa ábyrgð og skyldum. Það er líka mikilvægt að halda sterkum böndum inni starfið og fá með sér fólk til starfa.

Ræktendur eru deildinni mjög mikilvægir, það er mikilvægt að huga að því hvort deildin getur komið á einhvern hátt sterkar á móti þeim eða stutt ræktendur á einhvern hátt. Það er bein tenging frá ræktendum inni nýliðastarfið og því er það mjög mikilvægt uppá framtíðarstarf að halda sterku sambandi á milli deildarinnar og ræktenda.

Styrktaraðilar starfsins eru Dyrheimar innflutningsaðili Royal Canin ásamt Stálnaust, Hyundai, Bendir og Vesturröst. Eins hafa nokkrir ræktendur lagt sitt af mörkum með auglýsingum á gotum á heimasíðu deildarinnar.

Að lokum óskum við öllum þeim sem hafa náð árangri með hundana sína á árinu til hamingju, bjóðum nýja meðlimi velkomna og vonumst eftir góðu samstarfi með deildarmeðlimum í starfi og leik í ár.

Reykjavík 22.febrúar 2017.

Fyrir hönd stjórnar Retrieverdeildar HRFÍ



Heiðar Sveinsson formaður

Retrieverdeild HRFÍ (kt. 610809-0490).
Bankareikningur (0701-26-610809)

Rekstrarreikningur 2016

	Gjöld	Tekjur
Styrkur frá Dýrheimum v. heimasíðu		24.000
Styrkur frá Bendi ehf v. heimasíðu		90.000
Styrkur frá Hyundai / BL ehf		150.000
Styrkur frá Hópbílum hf v/deildarsýning		20.000
Styrkir frá ræktendum (Hvolpa auglýsingar)		65.000
Sýningarþjálfun		71.150
Meistarakeppni 2016	16.706	67.200
Kaffisjóður (kaffi og með því á viðburðum)	27.450	3.880
Heiðrun viðurkenningar	10.870	
Keypt bráð (svartfugl 50 stk) vegna veiðiprófa	25.000	
ISNIC-Lén árgjald f/retriever.is	6.230	
Vefvistun hjá Tónaflóði, 2016	79.362	
Staðgreitt vegna deildarsýningar 2016	161.476	
Staðgreitt vegna veiðiprófa 2016	394.828	152.185
Uppgjör frá HRFÍ ógreitt vegna 2015		24.831
Uppgjör frá HRFÍ vegna deildarsýningar og prófa 2016*		664.534
Vextir og fjármagnstekjuskattur	203	1.019
Rekstrarafgangur	611.674	
	=====	=====
Samtals:	1.333.799	1.333.799


*Skýringar vegna viðburða á vegum deildarinnar (deildarsýning við Brautarholti á skeiðum, þriggja hlýðniþrófa og 11 veiðiprófa). Skráningar á deildarsýningu voru 75, á hlýðniþróf 22 og 132 á veiðipróf. Skráningargjöld voru 284.597 fyrir sýninguna 79.838 fyrir hlýðniþrófin og 564.194 fyrir veiðiprófin, samtals 928.626 að frádregnum virðisaukaskatti. Kostnaður greiddur til skrifstofu HRFÍ var 97.020 fyrir sýningu, 28.700 fyrir hlýðniþrófin og 121.440 fyrir veiðiprófin, endurgreitt prófgjald 17.097. Engin kosnaður var staðgreiddur af HRFÍ en kostnaður staðgreiddur af Retrieverdeild var 549.895. Rekstrhagnaður viðburða var 255.253 starfsárið 2016, Dýrheimar umboðsaðili Royal Canin á Íslandi, greiddi flug og gistikostnað eins erlends veiðiprófsdómara 152.185. Viðsnúningur á milli ára er 770.275,- tap í fyrra var kr.158.601 og hagnaður í ár kr.611.674,-

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Hrein eign Retrieverdeildar HRFÍ 31. desember 2016 var kr. 767.638,- á bankabók (0701-26-610809), að auki er fyrirfram greiddur kostnaður vegna 2017 kr.342.919, (flug þjálfara, sýningardómara og veiðidómara) Samtals er því hrein eign kr.1.110.557,- Til samanburðar var hrein eign þann 31.12.2015 kr. 523.714,-

Reykjavík, 22. febrúar 2017.

Fyrir hönd stjórnar Retrieverdeildar HRFÍ



Þórhallur Atlason, gjaldkeri